

Liðskiptaaðgerðir

Sjúkratryggingar Íslands óska eftir tilboðum frá heilbrigðisfyrirtækjum á einkamarkaði sem framkvæma liðskiptaaðgerðir á mjöðmum og hnjám á skurðstofum sem uppfylla skilyrði Embættis landlæknis til slíkra aðgerða. Sjúkratryggingar áætla heildarfjöldi aðgerða á árinu 2023 geti orðið allt að 700, þar af er gert er ráð fyrir um 200 aðgerðum vegna liðskipta á mjöðm. Mögulegt verður að bæta við aðgerðum séu tilboð innan kostnaðaráætlunar Sjúkratrygginga og fjárheimildir leyfa.

Óskað er eftir tilboðum í eftirfarandi aðgerðir:

Gj. nr.	Heiti gjaldliða
1	Liðskiptaaðgerð á mjöðm
2	Liðskiptaaðgerð á hné

Hverjum bjóðanda er heimilt að senda eitt tilboð. Bjóðanda er heimilt að bjóða einungis í annan ofangreindra flokka.

Við val tilboða skal gengið út frá hagkvæmasta boði. Tilboð í hvorum flokki fyrir sig verða metin út frá verði í hvora tegund aðgerðar skv. tilboðsblaði.

SÍ áskilja sér rétt til að hafna tilboðum sem eru hærri en kostnaðaráætlun SÍ.

Berist eitt gilt tilboð undir kostnaðaráætlun verður samið við viðkomandi bjóðanda um allar aðgerðirnar svo framalega sem hann geti framkvæmt þær. Berist fleiri gild tilboð undir kostnaðaráætlun verður aðgerðum skipt á milli þeirra bjóðenda sem lægst bjóða, í fyrirfram ákveðnu hlutfalli sem ræðst af mismun á milli tilboða, sbr. skiptingu í töflu 1.

Tafla 1 – Skipting aðgerða milli tveggja hagstæðustu tilboða (séu þau bæði undir kostnaðaráætlun)

Munur á milli tilboða	Hlutfallsleg skipting tilboða	
	Hagstæðasta	Næst hagstæðasta
<=4%	50,0%	50,0%
4,01 - 6,00%	60,0%	40,0%
6,01 – 8,00%	70,0%	30,0%
8,01 – 10,00%	80,0%	20,0%
>10,00%	90,0%	10,0%

$$\text{Munur á milli tilboða} = \frac{\text{Næst hagstæðasta tilboð} - \text{hagstæðasta tilboð}}{\text{hagstæðasta tilboð}} \cdot 100\%$$

Við mat á tilboðum er miðað hverja tegund aðgerðar skv. tilboðsblaði, sjá fylgiskjal I.

Tilboð skulu miðast við aðgerðir:

- Sem ekki eru bráðaáðgerðir og falla undir eftirfarandi flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum. Aðgerðirnar geta verið ýmist frumaáðgerðir eða enduraðgerðir:
Liðskiptaaðgerðir á mjöðm - NCSP aðgerðakóðar NFB*, NFC*, NFSB* og NFSC*
Liðskiptaaðgerðir á hné – NCSP aðgerðakóðar NGB*, NGC*, NGSB*, NGSC*
** merkir að um er að ræða allir undirkóðar sem byrja á þessum bókstöfum*
- Á einstaklingum sem flokkaðir hafa verið sem ASA 1-2 sjúklingar af svæfingarlækni og talið er læknisfræðilega mögulegt að framkvæma skurðaðgerð í 2. stigs heilbrigðisþjónustu.
- Á einstaklingum sem verið hafa á biðlista eftir liðskiptaaðgerð 9 mánuði eða lengur.

Aðgerð skal innfela allan aðgerðarkostnað, íhluti og annað sem til fellur við aðgerðina ásamt kostnaði við nauðsynlega legu í kjölfar aðgerðar, ásamt eftirskoðun.

Áhöld, tæki og íhlutir sem notaður verður, skal vera viðurkenndur og CE merktur skv. reglugerð Evrópusambandsins um Lækningatæki 2017/745 (Regulation (EU) 2017/745) og aðrar lögbundnar kröfur sem gerðar eru.

Bjóða skal föst verð sem gilda út samningstímamann og verður samningur verður gerður út árið 2023.

Með tilboði sínu skal bjóðandi senda greinargerð sem felur í sér m.a. eftirfarandi:

- **Gæði þjónustunnar.** Hvernig bjóðandi hyggst uppfylla gæði og öryggi í þjónustunni, hvernig fylgst verður með gæðum með almennum og sértækum gæðavísunum ásamt skráningu.
- **Fylgikvillar aðgerðar.** Lýsing á hvernig bjóðandi hyggst sinna meðferð þeirra sjúklinga sem kunna að fá fylgikvilla sem krefjast enduraðgerðar innan árs frá aðgerðardegi, eða innlagnar sem rekja má til aðgerðarinnar á sjúkrahús.
- **Bæklunarlæknar.** Listi yfir þá lækna sem framkvæma munu liðskiptaaðgerðir skv. framansögðu og skal gert grein fyrir reynslu lækna af liðskiptaaðgerðum á sl. tveimur árum ásamt árangri.

Fyrirspurnir skulu sendar á netfangið innkaup@sjukra.is.

Lokadagsetning fyrirspurna og athugasemda frá bjóðendum: **28. febrúar 2023.**

Svarfrestur fyrirspurna: **2. mars 2023.**

Frekari gögn varðandi verkefnið verða birt á vef Sjúkratrygginga. Þá geta mögulegir bjóðendur einnig óskað eftir þeim gögnum með því að senda beiðni þess efnis á ofangreint netfang.

Tilboð þurfa að berast Sjúkratryggingum rafrænt í tölvupóstfang innkaup@sjukra.is í síðasta lagi **kl. 10:00 mánudaginn 6. mars 2023**. Stefnt er að því að nýr samningur/nýir samningar á grundvelli verðtilboða taki gildi sem fyrst eftir töku tilboða og eigi síðar en 1. apríl 2023.

Tilboðsblað

Bjóðandi: _____

Tilboð:

Gj. nr.	Heiti	Boðinn fjöldi aðgerða	Verð (kr.) hver aðgerð
1	Liðskiptaaðgerð á mjöðm		
2	Liðskiptaaðgerð á hné		

Þegar um endurtekna aðgerð er að ræða, er boðið _____% álag ofan á boðið verð.

F.h. bjóðanda
